



Mannréttindaráð

Reykjavík, 3. september 2025

MSS25050082

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hagsmunasamtök í mannréttindaráði

Á fundi mannréttindaráðs þann 15. maí 2025, var lögð fram meðfylgjandi fyrirspurn til umsagnar mannréttindaskrifstofu, sbr. 7. lið fundargerðar mannréttindaráðs sama dag.

Svar mannréttindaskrifstofu:

Á aukafundi borgarstjórnar þann 21. febrúar sl. samþykkti borgarstjórn að sameina málaflokka sem áður heyrðu undir fjölmenningsráð, öldungaráð og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í nýju mannréttindaráði sem tók við hlutverki mannréttinda- og ofbeldisvarnaráðs.

Í samþykkt mannréttindaráðs, sem samþykkt var í borgarstjórn þann 18. mars 2025, kemur fram að í ráðinu sitja auk kjörinna fulltrúa, fulltrúar hagsmunasamtaka sem starfa á sviði eftirfarandi málefna; aldraðra, fatlaðs fólks, innflytjenda og ofbeldisvarna.

Fulltrúar aldraðra sem fara með hlutverk öldungaráðs í Reykjavík samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 6. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og eftir því sem lög mæla fyrir. Þegar ráðið fjallar um málefni aldraðra og fer með hlutverk öldungaráðs eiga eftirtaldir fulltrúar jafnframt sæti í ráðinu: Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni tilnefnið einn fulltrúa og einn til vara, Samtök aldraðra tilnefna einn fulltrúa og einn til vara, U3A Reykjavík tilnefnið einn fulltrúa og einn til vara og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnið einn fulltrúa og einn til vara.

Fulltrúar fatlaðs fólks fara einnig með hlutverk samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Þegar ráðið fjallar um málefni fatlaðs fólks eiga eftirtaldir fulltrúar jafnframt sæti í ráðinu: ÖBÍ réttindasamtök tilnefna þrjá fulltrúa og þrjá til vara, þar af að lágmarki einn aðila úr hópi fólks með geðfötlun. Þroskahjálpi tilnefnið tvo fulltrúa og tvo til vara. NPA miðstöðin tilnefnið einn fulltrúa og einn til vara. Skal að lágmarki einn úr hópi fatlaðs fólks sem notar hjólastól að staðaldri sitja í ráðinu og ber Reykjavíkurborg að tryggja þetta. Allir fulltrúar hagsmunasamtaka skulu vera notendur þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík.



Reykjavík



Þegar ráðið fjallar um málefni innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn eiga eftirtaldir fulltrúar jafnframt sæti í ráðinu sem áheyrnarfulltrúar: Samtök kvenna af erlendum uppruna, W.O.M.E.N., tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Móðurmál, samtök um tvítýngi, tilnefna einn fulltrúa og einn til vara.

Þegar ráðið fjallar um málefni sem varðar ofbeldisvarnir eiga eftirtaldir aðilar jafnframt sæti í ráðinu sem áheyrnarfulltrúar: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, Stígamót tilnefna einn fulltrúa og einn til vara, Samtök um kvennaathvarf tilnefna einn fulltrúa og einn til vara og Embætti landlæknis tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.

Við gerð samþykktar mannréttindaráðs eftir stjórnkerfisbreytingar voru ekki gerðar neinar efnislegar breytingar á skipan fulltrúa, að undanskyldu því að fulltrúum innflytjenda var fækkað um einn.

Í bréfi forseta borgarstjórnar sem lagt er fram á fundi forsætisnefndar þann 14. mars kemur m.a. fram að í nýrri samþykkt er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum hjá þeim fulltrúum hagsmunasamtaka sem starfað hafa á vettvangi ráðanna. Gert er ráð fyrir að sitjandi fulltrúar haldi sæti sínu og þeim kjörum vegna starfa sinna hjá Reykjavíkurborg í þágu málaflokkana með einni undantekningu en lagt er til að fella niður ákvæði sem gerði ráð fyrir fulltrúa Sameykis í fjölmenningsráði. Breytingin er lögð til þar sem ekki er talin þörf á föstum fulltrúa eins stéttarfélags á vettvangi mannréttindaráðs en ráðið mun gæta þess að ávarpa málefni starfsmanna Reykjavíkurborgar sem eru af erlendum uppruna í samtali við verkalyðshreyfinguna í heild sinni.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um skipan í ráðið er bent á forsætisnefnd sem hefur það verkefni með höndum að fjalla um tillögur að breytingum einstakra ráða og nefnda.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt: Fyrirspurn



Reykjavík



FYRIRSPURN

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hagsmunasamtök í mannréttindaráði

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í mannréttindaráði óska eftir upplýsingum um hvaða viðmið, hvort sem þau eru hlutlæg eða huglæg, ráða því hvaða hagsmunasamtökum er boðið sæti í ráðinu. Jafnframt er óskað eftir rökstuðningi fyrir því af hverju þeim samtökum sem nú eiga sæti í ráðinu var boðið að taka þátt.

Greinargerð.

Samþykktir mannréttindaráðs kveða á um að tiltekin félög eða aðrir aðilar eigi sæti í ráðinu eða hafi rétt á að senda áheyrnarfulltrúa. Í sumum tilvikum má rekja þessa aðkomu til lögbundinnar skyldu um samráð við ákveðna hópa, en í öðrum virðist um pólitískar ákvarðanir að ræða.

Ekki liggur þó fyrir í samþykktunum hver þau viðmið eru sem ráða vali þessara aðila. Ekki er heldur gerð grein fyrir því hvernig ný félög á sviði réttindamála, svo sem fyrir aldraða, fatlað fólk, innflytjendur eða einstaklinga af erlendum uppruna, geta sótt um eða öðlast aðkomu að starfi ráðsins.

Því er óskað eftir skýrum upplýsingum um hvaða reglur eða viðmið gilda um skipan hagsmunaaðila í mannréttindaráð. Einnig er þess óskað að fram komi hvaða möguleikar ný eða önnur hagsmunafélög á sama vettvangi hafa til þátttöku í þessu samráði við Reykjavíkurborg.

